

# SAMSKIP

## fréttir af FLUTNINGUM



Í brú Arnarfells

[www.samskip.is](http://www.samskip.is)  
[www.samskip.com](http://www.samskip.com)

Ný heimasíða Samskipa leit dagsins ljós núna í febrúar. Þar er hægt að nálgast upplýsingar um Samskip og dótturfyrirtækin, um þjónustuna, siglingaáætlanir og umboðsmenn.

Samskip Inc. í Norfolk, varð fyrst dótturfyrirtækjanna til að opna eigin heimasíðu. Það gerðist núna í lok janúar og þar geta viðskiptavinir fengið margvíslegar upplýsingar um starfsemi Samskip Inc. í Bandaríkjunum.

Ragnar Þór Ragnarsson í tölvudeild Samskipa segir að síðar á árinu fái viðskiptavinir aðgang að sjálfu flutningskerfi félagsins gegnum Vefinn.

Jörgen Aaskilde skipstjóri og Hjörtur Emilsson deildarstjóri skiparekstrardeildar Samskipa. Tæknibúnaðurinn í brúnni minnir meira á tölvuver en stýribúnað skips!

## Stærsta gámaskip sem Samskip hafa gert út

Á sama tíma og Margrét Þórhildur fagnaði aldarfjórðungs ríkisafmæli í dýrlegri veislu í höllu sinni í Kaupmannahöfn um miðjan janúar hélt einn af þegnum hennar hátignar sér fast í brú Arnarfells á leið til Íslands. Skipið hreppti hið versta veður á leiðinni eins og gera má ráð fyrir á þessum árstíma. Allt lauslegt fór af stað í brúnni í veltingnum og meira til, því Jörgen Aaskilde, skipstjóri, horfði upp á kortabækur slíta af sér bönd í hillum og ryðja faxtæki niður á gólf. Svona er lífið til sjós en Jörgen dvelur ekki lengi við frásögn af dramatískri Íslandssiglingu í spjalli

við tíðindamenn Frétta af flutningum, á meðan verið er að lesta skipið við Holtabakka fyrir brottför. Hann býður gestunum upp í brú og útskýrir búnaðinn sem minnir leikmann meira á tölvuver í einhverju fyrirtæki í landi en stjórnþæki í skipi. Óráðlegt er fyrir lofthædda að heimsækja Jörgen í brúna, því hún er í tuttugu og tveggja metra hæð yfir sjó! Þarna er hann kóngur í ríki sínu: stoltur bæði af skipi og áhöfn.

Arnarfell er stærsta gámaskip sem Samskip hafa gert út og stuðlar að enn betri og skilvirkari þjónustu við viðskiptavinum félagsins. Skipið er

danskt, smíðað árið 1994, og skráð í Danmörku. Það er tekið á leigu til sex mánaða í fyrstu, með einhliða rétti til að framlengja leigusamning til allt að þriggja ára. Skipið kom í stað Úranusar og er í siglingum í hringferðum frá Íslandi til hafna í Færeyjum, Englandi, meginlandi Evrópu, og Skandinavíu og heim aftur með viðkomu í Færeyjum. Hjörtur Emilsson, deildarstjóri skiparekstrardeildar Samskipa, segir að flutningsgeta félagsins hafi aukist verulega og þjónustan sé enn öruggari og traustari en áður.

*Sjá tækniupplýsingar á bls. 3*





Halldór Ásgrímsson afhendir sendiherra Rússlands gáminn við Loftleiðahótelid. Með þeim á myndinni eru fulltrúar Lionshreyfingarinnar.

## Samskip flytja tæki til að þjálfra fötluð börn í Moskvu

Samskip styrkja átak Lionshreyfingarinnar á Norðurlöndum til stuðnings fjölfötluðum foreldralausum börnum á Friazino-stofnuninni í Moskvu. Félagið tók að sér að flytja fullan gám af þjálfunartækjum til Danmerkur og áfram til Rússlands. Rússar tóku reyndar formlega við

gjöfinni í Reykjavík núna í janúar, því Lionsmenn notuðu tækifærið á norrænu þingi sínu á Loftleiðahótelinu og afhentu Halldóri Ásgrímssyni, utanríkisráðherra, gáminn – sem samstundis afhenti hann Júrí A. Retsjetov, sendiherra Rússlands á Íslandi. Sendiherrann er mjög vel

mæltur á íslensku og og dönsku og þakkaði Lionsmönnum og öðrum sem að gjöfinni standa fyrir að vera vinir í raun. Rússar væru nú um stundir þjód í vanda.

Íslenskir Lionsmenn skipulögðu norræna hjálparverkefnið til stuðnings börnunum á Friazino-stofnuninni. Heildarkostnaður er um 5 milljónir króna, þar af kom ein milljón króna frá Lionshreyfingunni á Íslandi og hálf milljón króna frá ríkisstjórn Íslands.

Lionsmenn og Samskip hafa áður unnið saman að svipuðu verkefni. Í júlí 1995 var sendur til Póllands gámur með notuðum lækningatækjum og ýmsum öðrum búnaði frá Borgarspítalanum (Sjúkrahúsi Reykjavíkur). Þetta gerðist að frumkvæði Lionsklúbbs Garðabæjar og í blaðinu Lion, mál gagni Lionsmanna á Íslandi, segir meðal annars:

„Flutningur á gámi frá Íslandi til Póllands er mikið mál og í þeim efnum sem öðrum naut klúbburinn mikils skilnings og ómetanlegs stuðnings. Samskip hf. tóku án endurgjalds að sér flutning gámsins frá Reykjavík og á áfangastað, Gdansk í Póllandi. Enn einu sinni sýndu forráðamenn Samskipa stuðning sinn við Lionshreyfinguna og verður framlag þeirra seint

## Í nýjum störfum



Kristinn Þór Geirsson tók við starfi framkvæmdastjóra rekstrarsviðs 1. nóvember sl. Hann var áður deildarstjóri hagdeildar.




Arnór S. Guðjónsson tók við starfi deildarstjóra hagdeildar 1. nóvember sl.




Ragnar Þór Ragnarsson tók við starfi deildarstjóra tölvudeildar 1. nóvember sl.




Björn Einarsson hefur tekið við starfi sölufulltrúa í innflutningsdeild.



Ragna B. Ragnarsdóttir hefur tekið við starfi þjónustustjóra Landflutninga-Samskipa.



Haukur Parelíus Finnsson hefur tekið við starfi innheimtufulltrúa í fjárreiðudeild.



Sigrún Benediktsdóttir hefur tekið við starfi innheimtufulltrúa í fjárreiðudeild.

Útgefandi: Samskip hf. 1. tbl., 7. árg. 1997 • Ábyrgðarmaður: Baldur Guðnason

Umsjón: Athygli • Umbrot: Rita • Prentvinnsla: Svansprent

## Breytt mataræði á Mælifelli:

# Tugir kílóa horfnir, lægri blóðþrýstingur, heilbrigðari áhöfn

Tilraun með breytt mataræði á strandferðaskipinu Mælifelli skilaði árangri svo um munaði á árinu 1996. Áhöfnin hefur meira þrek og þol en áður, fjórir úr hópnum léttust um samtals 40 kíló á aðeins hálfu ári, einn gat hætt að taka inn blóðþrýstingslyf og annar gat minnkað lyfjaskammt vegna blóðþrýstings. Í lok verkefnisins sögðust sjö af tíu vera ánægðir með fæðið um borð eftir breytinguna, þrír

höfðu ekki skoðun á málinu. Enginn var óánægður.

Anna Elisabet Ólafsdóttir og Borghildur Sigurbergsdóttir frá Næringarráðgjöfinni sf. önnuðust tilraunina á Mælifelli fyrir Samskip. Þær byrjuðu á að kanna líkamlegt ástand áhafnarinnar og fæðuna um borð. Nýr matseðill var síðan tekinn í notkun og hann endurbættur í ljósi athugasemda sem fram komu. Majónes var sett á bannlista, hamsatólóg vék fyrir heitum sósum og

djúpsteikingarpotturinn var einfaldlega fjarlægður úr skipinu. Steiktar kartöflur sjást sjaldnar á matseðlinum nú en fyrr. Beikon er alveg horfið af morgunverðarborðinu á sunnudögum og heitt skinkubrauð með ommilettu komið í staðinn. Máltíðum með hrásalati og öðru grænmeti hefur fjölgað. Eftirrættir eru einungis á sunnudögum. Kökur og kex er aðeins á borðum um helgar og í staðinn komið brauð, hrökkbrauð og tekex.

## Samskip með í för á tind Everest!

Hjálparveitakapparnir Björn Ólafsson, Hallgrímur Magnússon og Einar K. Stefánsson ætla að klífa Everest, hæsta fjall heims, í vor og freista þess að komast fyrstir Íslendinga á sjálfan veraldartindinn í 8.848 metra hæð. Jón Þór Viglundsson, kvikmyndatökumaður Sjónvarps, og Hörður Magnússon verða með í för.

Svona ferð er gríðarlegt fyrirtæki og langan tíma tekur að skipuleggja hana, fá nauðsynleg leyfi, útvega búnað, afla fjár og síðast en ekki síst þjálf sig bæði andlega og líkamlega. Þetta er mikil þrekaun og ekki nema fyrir

þrautþjálfaða klifrara. Leiðangursmenn hafa með sér súrefnistæki, enda er súrefni í lofti á tindri Everest einungis um þriðjungur af því sem gengur og gerist í því lofti sem við öndum að okkur venjulega.

Samskip ákváðu að styrkja Everestleiðangurinn og gestir á heimasíðu félagsins á Veraldarvefnum geta tengst beint þaðan sérstakri heimasíðu fjallagarpanna. Fimmennungarnir ætla að hafa í fartöskunum gervihnattasíma, fartölvu og mótald til að senda fréttir af gangi mála beint heim til birtingar á Vefnum, ef unnt reynist.



### Arnarfell

- **Lengd:** 122 metrar
- **Breidd:** 20 metrar
- **Flutningsgeta í tonnum talið:** 7.968
- **Flutningsgeta í gámum talið:** 703
- **Vörukranar:** Tveir 40 tonna
- **Ganghraði:** 17 mílur
- **Aðalvél:** 5.400 kílóvött.

## Sendinefnd íslenskra viðskiptamanna í Hull

Tuttugu manns úr íslensku viðskiptalífi fóru til Hull í október síðastliðnum til að kynna sér Humberidesvæðið og stuðla að auknum viðskiptum við fyrirtæki þar. Þeir hittu fulltrúa breskra fyrirtækja og skoðuðu meðal annars höfnina og mannvirki á hafnarsvæðinu. Framhald verður á þessum tengslum því ákveðið er að hópur fulltrúa breskra fyrirtækja á Humberidesvæðinu komi til Íslands í nóvember næstkomandi.

Borgarstjórnir Hull og Grimsby buðu íslensku gestunum til kvöld-



Ása Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Samskipa Ltd. í Hull, Vilhjálmur Vilhjálmsson frá Fiskafurðum hf. og Ómar Arason frá Íslensku Marfangi hf.


verðar og Samskip Ltd. efndu til móttöku síðasta kvöld heimsóknarinnar. Þar hittu gestirnir fulltrúa íslensku fyrirtækjanna á Humberidesvæðinu og áttu saman ánægjulega stund.

Í ferð Íslendinganna var undirritaður samningur sem skuldbindur Félag íslenskra stórkaupmanna (FÍS) til að veita fyrirtækjum í Hull sömu fyrirgreiðslu og veitt er félögum í FÍS. Í staðinn fá íslensk fyrirtæki sömu fyrirgreiðslu í Hull og stofnunin Hull Economic Development Agency veitir breskum fyrirtækjum.

# Fleiri valmöguleikar, fleiri ferðir til og frá Norður-Ameríku

**Þ**jónusta Samskipa við flytjendur farms á milli Íslands og Norður-Ameríku var eflað enn frekar í byrjun febrúar þegar ferðum var fjölgað og áfangastöðum vestra fjölgaði um einn.

Samskip juku á síðasta ári flutningsgetu sína milli Íslands og Evrópu. Þar með skapaðist um leið möguleiki til stórauðinna flutninga á milli Íslands og Bandaríkjanna með Maersk Line, stærsta skipafélagi heims. Samskip hófu samstarf við Maersk fyrir um einu ári. Ákveðið var síðan að taka frystiskipið M/S Greenland Saga úr beinum siglingum á milli Íslands og Ameríku, en semja við Eimskipafélag Íslands hf. um flutninga á gámum fyrir Samskip í skipum sem sigla milli Norður-Ameríku og Íslands á tveggja vikna fresti. Auk þess gildir áfram samstarfssamningur



Samskipa og hollenska skipafélagsins Ommeren um vöruflutninga til/frá Bandaríkjunum. Viðskiptavinir hafa

eftir þessa breytingu um fleiri ferðir að velja á þessari leið en nokkru sinni fyrr.

## Flutningamiðstöð Vestfjarða stofnuð



Á stofnfundi Flutningamiðstöðvar Vestfjarða. Frá vinstri: Baldur Guðnason, Guðmundur Hólm Indriðason, Anna Guðný Aradóttir og Ragnar Guðmundsson.

**F**lutningamiðstöð Vestfjarða ehf. hefur verið stofnuð á Ísafirði og tekur til starfa 1. mars næstkomandi. Að henni standa Samskip og Básafell hf. og markmiðið er að efla flutningaþjónustu við fyrirtæki, einstaklinga og stofnanir á svæðinu. Höfuðstöðvar

Flutningamiðstöðvar Vestfjarða verða að Sindragötu 11 á Ísafirði og afgreiðsla á helstu stöðum fjórðungsins og hjá Landflutningum-Samskipum í Reykjavík.

Anna Guðný Aradóttir, framkvæmdastjóri Landflutninga-Sam-

skipa, segir að nýja fyrirtækið á Ísafirði sé enn einn liður í því að efla flutningaþjónustu Samskipa um allt land, hvort heldur er á landi, sjó eða í lofti:

„Flutningamiðstöð Vestfjarða verður mikilvægur hluti af þjónustuneti Samskipa. Vestfirskum viðskiptavinum býðst nú að tengjast þessu neti flutninga innanlands og milli landa. Félagið annast alla venjulega vöruflutninga, vöruheymslu og -dreifingu, fiskflutninga, gámaflutninga, hraðflutninga til útlanda, landanir úr skipum og fleira.“

Landflutningar hafa stóruð undanfarin ár en á sama tíma dregur úr flutningum á sjó. Samskip lögðu sig að breyttum aðstæðum og fækkðu strandferðaskipum í eitt en stórefla í staðinn landflutningaþjónustuna.

Guðmundur Hólm Indriðason er framkvæmdastjóri Flutningamiðstöðvar Vestfjarða og í stjórn fyrirtækisins eru Baldur Guðnason, Anna Guðný Aradóttir og Ragnar Guðmundsson.